

Nei.

DAGBLAÐ ÍRÍKISJOPPUNNAR. nr. 3 LAU 18. okt. 2008.

HVAÐA RAUN BÝR AÐ BAKI ÞESSARI SVIÐSETNINGU?

„Algjört rof frá fjármagns-þingræðishyggju, stjórnsmál grundvölluð á raunum almennings, fullveldi hugmyndarinnar: allt er þarna til að slíta okkur frá stórslysmyndinni og tengja okkur við lifandi hugsun og skipulagðar aðgerðir.“ Á þessum orðum lýkur franskur heimspekingurinn Alain Badiou grein sem hann birti í franska stórblaðinu *Le Monde* í gær (fös). Við birtum hér óábyrga snörun á lyklatríðum úr greininni, en heyrst hefur að Björn Þorsteinsson, heimspekingur, hafi í hyggju að þýða hana í heilu lagi. Í greininni tekst Badiou á við mörg kunnugleg stef liðinna vikna.

„Á síðustu vikum hefur fólki orðið tíðrætt um „raun hagkerfisins“ (framleiðsla gæða). Á móti þeim er stillt óraunverulegu hagkerfi (spákaupmennsku) þaðan sem allt illt spretti, og fulltrúar þess nefndir „óábyrgir“, „óskynsamir“ og „rándýr“. Þessi aðgreining er augljóslega fáránleg.

VEÐRIÐ „ÉG HEFÐI EKKI ÁTT AÐ“ VERÐUR RÍKJANDI FRAM EFTIR VIKUNNI EN VÍKUR ÞEGAR Á LIÐUR FYRIR: „KANNSKI ÉG ÆTTI AÐ“.
VON ER Á VAXANDI „VIÐ“ Á NÆSTU VÍKUM OG MÁNUÐUM.



Egill Helgason hvetur Íslendinga til byltingar,

bæði á bloggi sínu og á forsíðu helgarútgáfu DV. Þessir tveir aðilar, Egill og DV, hafa nú beðist opinberlega afsökunar á hlutdeild sinni í góðærisflippinu og þannig gert sig marktæka, með því að sækjast eftir endurnýjuðu umboði svo að segja. Þessir eiga það eftir: ráðherrar allir nema Jóhanna, þingmenn allir nema Ögmundur, seðlabankastjóri, ritstjórn Morgunblaðsins, ritstjórn Fréttablaðsins, þeir sem léku í auglýsingum (hverjir léku ekki í auglýsingum?), þeir sem fóru í partí í banka, þeir sem langaði í partí í banka, þeir sem töluðu strætó niður, einkabíla upp, þeir sem fóru með frekar vel farna þriggja ára gamla bíla í bílapressu frekar en setja þá í endursölu, listamennirnir, fræðimennirnir, rithöfundarnir,

skáldin, menntakerfið, allir þeir sem þýddu aldrei höfuðrit Immanúels Kant, allir þeir sem ... **Viðar Þorsteinsson heimspekingur** hefur kallað eftir slíkri endurnýjun í grein á Kistunni: „[Öll] íslensk stjórnsmálaelita og skoðanamyndandi stofnanir, allt frá forseta niður í fjölmiðlamenn, hefur á einhvern hátt tekið þátt í útrásar- og fjármálaflýrliinu. [...] Skoða ber af fullri alvöru hvort hægt sé að sækja þessa aðila til saka. Þó má spyrja hverju slíkt næði fram. Til greina getur komið að bjóða á stað málaferla upp á svipaða nálgun og gafst vel þegar aðskilnaðarstefnan í S-Afríku hrundi: „truth and reconciliation“ – „**sættir fyrir sannleika**“. Þá yrði mönnum boðið að gera hreint fyrir sínum dyrum, viðurkenna mistök sín og iðrast frammi fyrir þeim sem bera skaðann.“

(ÁN TITILS)

IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!
OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG!
OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG!
IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!

IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!
OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG!
OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG! OMG!
IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF! IMF!

FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME!
FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT!
LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL!

FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME! FME!
FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT! FIT!
LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL! LOL!

Eiríkur Örn Norðdahl orti fyrir Nei.

Létt og leikandi helgarútgáfa Nei.

GÆSLAN Á baksíðu Morgunblaðsins í gær mátti lesa þetta kvæði um hverjir voru hvar: „mikið fjör / mörg þekkt andlit / popparinn george michael / tískuhönnuðurinn vivian westwood / og athafnamaðurinn / björgólfur thor / opnunin / vonum framar / við viljum meina að / við höfum unnið gullið / stappað út úr dyrum / og stelpurnar í gjörningaklúbbnum / voru með gjörninga / náttúrlega eins og þær eru vanar / mölvandi kampavinsglös / skjótandi þeim út í loftið / allt orðið úтатаð í kampavini / og meira að segja gerviblóði / meira að segja gerviblóði / og var reynt að líkja sem mest / eftir frummyndinni“.